



Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands 2021

Fundartími: Þriðjudaginn 29. apríl 2021, kl. 17

Fundarstaður: Verkfræðingahús, Engjateigi 9, 105 Reykjavík

Fundinum var streymt á „Zoom“ og gátu fundargestir lagt fram fyrirspurnir í spjallinu og/eða tekið til máls.

Formaður félagsins, Svana Helen Björnsdóttir (SHB), setti fundinn. Hún bauð fundarmenn, nær og fjær, velkomna og gerði tillögu um fundarstjóra, Eirík Þorbjörnsson. Var tillagan samþykkt.

Eiríkur kannaði lögmati fundarins, lýsti fundinn löglega boðaðan og þar með löglegan. Tillaga hans um fundarritara, Sigrúnu S. Hafstein, var samþykkt.

Dagskrá samkvæmt félagslögum:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu ári.
2. Reikningar félagsins, þ.m.t. reikningar deilda og sjóða félagsins, fyrir undanfarandi starfsár lagðir fram til samþykkis.
3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda.
4. Tillögur félagsstjórnar.
5. Lýst kosningu stjórnar.
6. Kjör endurskoðenda og tveggja skoðunarmanna.
7. Lýst kosningu í stjórn Kjaradeildar félagsins.
8. Lýst kosningu í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi.
9. Laun formanns og stjórnarmanna.
10. Laga- og reglugerðarbreytingar.
11. Önnur mál.

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu ári

SHB flutti skýrslu stjórnar, sjá prentaða ársskýrslu VFÍ fyrir starfsárið 2020-2021, sem lögð var fram á fundinum og á vef félagsins.

2. Reikningar félagsins

Árni Björn Björnsson (ÁBB) framkvæmdastjóri VFÍ fór yfir reikninga félagssjóðs, sjá ársskýrslu VFÍ. Rekstrarafgangur ársins var 84,2 m.kr. en rekstrartekjur námu tæpum 258,9 m.kr. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi náum rúmum 384,3 m.kr. en heildarskuldir tæpum 23,5 m.kr. á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um tæpar 360,9 m.kr. í árslok 2020.

Torfi Sigurðsson félagslegur skoðunarmaður tók til máls og gerði grein fyrir störfum félagslegra skoðunarmanna. Mælti hann með því að reikningarnir yrðu samþykktir. Torfi lýsti því yfir að hann hygðist hætta sem félagslegur skoðunarmaður. Þetta væri í tuttugasta og fimmta sinn sem hann skoðaði reikninga félagsins og nú væru góð tímamót til að hætta.

Fundarstjóri bar reikningana upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda

ÁBB byrjaði á því að þakka Torfa Sigurðssyni fyrir einstaklega gott samstarf og vel unnin

störf í gegnum tíðina. Hann fór því næst yfir endurskoðaða fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2021 og lagði fram nýja áætlun fyrir 2022. Tillaga stjórnar er að félagsgjöld verði óbreytt. Sagði ÁBB ekki að vænta stórra breytinga í rekstri félagsins og því væru forsendur fyrir tillögu að óbreyttu félagsgjaldi.

SHB tók til máls og sagði að á næsta ári yrði VFÍ 110 ára og til stæði að fagna því með veglegum hætti, væri tekið tillit til þess í rekstraráætlun. Einnig hafi verið rætt að veita viðurkenningar til námsmanna og stofna eins konar varasjóð til að geta tekist á við ýmis brýn verkefni. Sagði hún að slík umræða væri nýhafin í stjórninni og yrði framhaldið á nýju starfsári.

SHB bar því næst fram svohljóðandi tillögu: „*Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands, haldinn fimmtudaginn 29. apríl 2021 kl. 17:00 í Verkfræðingahúsi samþykkir að félagsgjöld fyrir árið 2022 verði 3.750 kr. á mánuði eða 45.000,- kr. á ári.*“ Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Tillögur stjórnar

Engar tillögur lágu fyrir.

5. Lýst kosningu stjórnar (4., 7. og 8. dagskrárliður skv. lögum VFÍ).

Fundarstjóri lýsti kjöri stjórnar sbr. eftirfarandi:

Í aðdraganda aðalfundar fóru fram kosningar í stjórnir félagsins: Aðalstjórn VFÍ, stjórn Kjaradeildar og stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi. Framboð og tillögur vegna aðalfundar áttu að berast fyrir 15. febrúar. Sjálfkjörið var í aðalstjórn VFÍ, stjórn Kjaradeildar og Deildar sjálfstætt starfandi og stjórnenda.

Aðalstjórn VFÍ

Úr stjórn áttu að ganga: Svana Helen Björnsdóttir, formaður, Hlín Benediksdóttir og Guðrún A. Sævarsdóttir (varameðstjórnandi). Því er kosið um formann, meðstjórnanda og varameðstjórnanda til tveggja ára. Svana Helen og Guðrún gefa kost á sér til endurkjörs, Svana Helen sem formaður til tveggja ára og Guðrún sem meðstjórnandi til tveggja ára. Þá gefur Þröstur Guðmundsson kost á sér sem varamaður til tveggja ára.

Þau eru því öll sjálfkjörin.

Stjórn Kjaradeildar VFÍ

Úr stjórn Kjaradeildar VFÍ eiga að ganga: Birkir H. Jóakimsson formaður, Erlendur Örn Fjeldsted, Halldór Zoëga, og Gunnar Sigvaldason, varameðstjórnandi. Kosið er um formann Kjaradeildar VFÍ og tvo meðstjórnendur. Birkir hefur lokið hámarks lengd stjórnarsetu og gefur ekki kost á sér. Margrét Elín Sigurðardóttir gefur kost á sér sem formaður og er sjálfkjörin. Aðrir stjórnarmenn sem nefndir eru hér að ofan gefa kost á sér og eru líka sjálfkjörnir. Erlendur Örn Fjeldsted sem meðstjórnandi til tveggja ára, Halldór Zoëga sem meðstjórnandi til tveggja ára og Gunnar Sigvaldason meðstjórnandi til eins árs. (Skýring: Margrét var kosin meðstjórnandi til tveggja ára 2020 og því er kosið um þrjá meðstjórnendur, Gunnar tekur sæti hennar og mun sitja sem meðstjórnandi í eitt ár).

Stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Úr stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi eiga að ganga: Páll Á. Jónsson, formaður, Sigurður Valur Ásbjarnarson og Davíð Á. Gunnarsson varamaður. Því er kosið um formann, og meðstjórnanda til tveggja ára og varamann til eins árs. Páll gefur kost á sér til endurkjörs. Stefán Veturliðason gefur kost á sér sem meðstjórnandi til tveggja ára og Davíð sem varamaður til eins árs. Páll, Stefán og Davíð eru því sjálfkjörnir.

Pröstur Guðmundsson nýr maður í aðalstjórn tók til máls og þakkaði fyrir traustið sem sér væri sýnt. Hann gerði grein fyrir menntun sinni og starfsferli og sagðist hlakka til komandi starfsárs í stjórninni.

6. Kjör endurskoðanda og tveggja skoðunarmanna.

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu formanns og framkvæmdastjóra VFÍ að kjöri endurskoðanda:

Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands haldinn fimmtudaginn 29. apríl 2021 samþykkir að reikningslegur endurskoðandi næsta starfsárs verði: Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi.

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu formanns og framkvæmdastjóra VFÍ að kjöri tveggja skoðunarmanna:

Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands haldinn fimmtudaginn 29. apríl 2021 samþykkir að skoðunarmenn verði: Eysteinn Einarsson, verkfræðingur til eins árs. Kristjana Kjartansdóttir, tæknifræðingur til eins árs.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

7. Laun formanns og stjórnarmanna.

ÁBB kynnti að laun væru miðuð við félagsgjald og væru fyrir starfsárið ekki mánaðarlaun.

Lagði hann fram eftirfarandi tillögu:

Skv. 9. lið 19. gr. (Aðalfundur) skal á aðalfundi félagsins ákvarða laun formanns og stjórnar. Frá samrunafundi VFÍ og SV 2011 hafa laun verið greidd fyrir ábyrgðarstörf fyrir félagið. Eru þau ákveðið margfeldi félagsgjalda.

Launin eru fyrir allt starfsárið (ekki fyrir hvern mánuð þess)

*Tillaga: Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands, haldinn fimmtudaginn 29. Apríl 2021 kl. 17:00 í Verkfræðingahúsi samþykkir að laun formanns verði 810.000 kr. (18 * félagsgjald 2021). Laun varaformanns verði kr. 270.000 (6 * félagsgjald 2021). Laun formanns Kjaradeildar verði kr. 540.000 (12 * félagsgjald 2021). Laun formanns Menntamálanefndar verði kr. 720.000 (16 * félagsgjald 2021).*

Aðrir stjórnarmenn aðalstjórnar, stjórnar Kjaradeildar og Deildar sjálfstætt starfandi og stjórnenda fá félagsgjald 2021 fellt niður.

Fundarstjóri bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

8. Laga- og reglugerðarbreytingar

Engar laga- eða reglugerðarbreytingar lágu fyrir. Starfsreglur sjóða eru óbreyttar og var greint frá því í fundarboði til félagsmanna og jafnframt vísað á upplýsingar á vef félagsins.

9. Önnur mál.

Villa var í útprentaðri skýrslu stjórnar sem lögð var fram á fundinum. Þar kom fram að Anna Beta Gísladóttir væri varameðstjórnandi, hún er meðstjórnandi og verður þetta leiðrétt í nýrri útgáfu af skýrslunni.

Ekki var fleira rætt. SHB tók til máls og þakkaði Birki Hrafni Jóakimssyni fyrir vel unnin störf sem formaður Kjaradeildar VFÍ og færði honum blóm sem þakklætisvott frá félaginu. Hún þakkaði fundarmönnum fyrir þátttökuna og góðan fund. Fundi var slitið kl. 18:10.